

## REGLUGERÐ

### um friðun veiðisvæða fyrir Suðurlandi.

#### 1. gr.

Allar veiðar með togvörpu og dragnót eru bannaðar innan þriggja mílna frá fjörumarki meginlandsins á svæði fyrir Suðurlandi, sem að austan markast af línu, sem dregin er réttvísandi suður frá Stokksnesvita ( $64^{\circ}14,1'N - 14^{\circ}58,4'V$ ) og að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi suður frá Reykjanesvita ( $63^{\circ}48,0'N - 22^{\circ}41,9'V$ ).

#### 2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. eru dragnótaveiðar heimilaðar á eftirgreindum svæðum og tímum:

- A. Frá og með 15. september til og með 31. maí milli lína, sem dregnar eru réttvísandi suður frá Selvogsvita ( $63^{\circ}49,3'N - 21^{\circ}39,1'V$ ) og Reykjanesvita ( $63^{\circ}48,0'N - 22^{\circ}41,9'V$ ).
- B. Frá og með 1. júní til og með 31. júlí milli  $20^{\circ}06'V$  og  $19^{\circ}48'V$ , sbr. þó reglugerð nr. 732, 13. desember 1997, um bann við veiðum milli lands og Vestmannaeyja.
- C. Frá og með 1. mars til og með 30. júní milli  $18^{\circ}18,60'V$  og  $17^{\circ}00'V$ .
- D. Frá og með 1. apríl til og með 31. maí að línu í einnar sjómílu fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins milli  $16^{\circ}34'V$  og  $15^{\circ}45'V$ .
- E. Frá og með 1. september til og með 31. mars milli  $21^{\circ}23'V$  og að austan af línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:
  1.  $63^{\circ}27,20'N - 020^{\circ}14,50'V$
  2.  $63^{\circ}32,80'N - 020^{\circ}13,30'V$
- F. Frá og með 1. september til og með 31. maí á svæði sem afmarkast af línu sem er dregin milli eftirgreindra punkta:
  1.  $63^{\circ}47,60'N - 021^{\circ}23,00'V$
  2.  $63^{\circ}49,60'N - 021^{\circ}23,00'V$
  3.  $63^{\circ}49,60'N - 021^{\circ}25,00'V$
  4.  $63^{\circ}50,30'N - 021^{\circ}26,10'V$
  5.  $63^{\circ}50,50'N - 021^{\circ}27,20'V$
  6.  $63^{\circ}49,00'N - 021^{\circ}33,60'V$
  7.  $63^{\circ}47,51'N - 021^{\circ}33,00'V$
  8.  $63^{\circ}47,00'N - 021^{\circ}34,60'V$
  9.  $63^{\circ}46,60'N - 021^{\circ}35,10'V$
- G. Frá og með 1. september til og með 28. febrúar á svæði sem afmarkast af línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:
  1.  $16^{\circ}40'V - 19^{\circ}30'V$

#### 3. gr.

Allar veiðar með togvörpu og dragnót eru bannaðar umhverfis Vestmannaeyjar innan línu sem dregin er í þriggja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki eftirgreindra eyja og skerja: Elliðaeyjar, Bjarnar-eyjar, Heimaeyjar, Suðureyjar, Helliseyjar, Súlaskers, Geirfuglaskers, Geldungs, Álseyjar, Grasleysu, Þrídranga og Einidrangs. Að norðan markast svæðið af línu sem dregin er í þriggja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins, sbr. reglugerð nr. 732/1997 um bann við veiðum milli lands og Vestmannaeyja.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. eru veiðar með dragnót og fótrepisvörpu heimilaðar á eftirgreindu svæði og tíma:

- A. Frá og með 21. febrúar til og með 15. maí á svæði vestan línu, sem dregin er í réttvísandi norður frá Heimaey, þannig að austurkant Ystakletts og Faxaskersvita beri saman og norðan og vestan línu, sem dregin er frá Heimaey um Grasleysu í Þrídranga, þaðan í Einidrang og síðan í réttvísandi suður.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. eru veiðar með dragnót heimilaðar á eftirgreindu svæði og tíma:

B. Frá og með 16. maí til og með 31. júlí á svæði, sem markast af línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 63°22'N - 20°24'V
2. 63°22'N - 20°30'V
3. 63°26'N - 20°28'V
4. 63°26'N - 20°22'V

4. gr.

Fótreipisvarpa, sbr. 2. mgr. 3. gr. er varpa sem búin er fótreiði gerðu úr vír eða keðju sem skífur, körtur úr gúmmí eða gerviefni er þrætt upp á, enda sé heildarþvermálið ekki meira en 20 sm.

5. gr.

Allar dragnótaveiðar eru bannaðar á svæði í Eyrarbakkabug, sem markast af línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 63°46,33'N - 20°47,40'V
2. 63°43,64'N - 20°50,18'V
3. 63°46,95'N - 21°01,72'V
4. 63°48,90'N - 21°21,55'V
5. 63°50,60'N - 21°23,50'V

Að norðan markast svæðið af fjöruborði lands.

6. gr.

Veiðar eru bannaðar í Faxaflóa innan línu sem dregin er milli Garðskagavita (64°04,9'N - 22°41,4'V) og Hellnanes (64°44,59'N - 23°38,65'V).

7. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti sakamála.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 265/2013 um friðun veiðisvæða fyrir Suðurlandi, með síðari breytingum og reglugerð nr. 94/2010 um bann við dragnótaveiðum í Eyrarbakkabug.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 15. nóvember 2013.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Baldur P. Erlingsson.**

*Hrefna Karlsdóttir.*